

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á gjaldskrá fyrir kattahald í**  
**Hveragerðisbæ, nr. 1253/2012.**

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda kött, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 556/2007 með áorðnum breytingum, um kattahald í Hveragerði skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 2.190 sem rennur í bæjarsjóð. Jafnframt skal eigandi kattar greiða árgjald kr. 3.430 sem rennur í bæjarsjóð. Er gjöldunum ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Breyting þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Hveragerði nr. 556/2007 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi.

*Hveragerði, 7. janúar 2014.*

**Aldís Hafsteinsdóttir** bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. janúar 2014